

Rýming Valhúsaskóli – kennarar

Ef brunaviðvörðunarkerfi fer í gang skal unnið samkvæmt eftirfarandi rýmingaráætlun.

1. Þegar brunaballa hringir kannar kennari útgönguleið. Nemendur yfirgefa ekki kennslustofu fyrr en kennari hefur kannað hvort útgönguleið sé greið. Hver kennari er ábyrgur fyrir þeim bekk/hóp sem hann er að kenna þegar hættuástand skapast. Þegar stofa er yfirgefin þarf að muna eftir nafnalistanum og stundarskránni sem hangir á vegg í stofunni (nafnalisti og stundarskrá umsjónarbekkjar kennarans). Ætíð skal velja þann útgang sem greiðastur er.
2. Sá sem síðastur fer úr kennslustofum og/eða öðrum rýmum skal loka öllum hurðum á eftir sér til að draga úr reykflæði um húsið.
Kennari gengur á undan nemendum eftir útgönguleiðinni.
3. Söfnunarsvæði er á körfuboltavelli fyrir framan skólann næst íbúðarhúsinu sem liggur að vellinum. 7. bekkir raða sér næst íbúðarhúsinu og síðan koll af kolli, 10. bekkir næst skólanum. Síðast kemur starfsfólk skólans. Athugið að þeir nemendur sem eru ekki í tímum hjá umsjónarkennara fara, undir stjórn þess kennara sem er að kenna þeim, í röð síns árgangs. Þegar kennarar hafa komið sínum hópum í réttar raðir fara umsjónarkennarar hver til síns umsjónarbekkjar.
4. Þegar komið er út á söfnunarsvæðið er mjög mikilvægt að nemendur standi í einfaldri röð hjá umsjónarkennara sínum sem fer yfir nafnalistann og kannar hvort allir séu komnir út. Ritari kannar hvort allt starfsfólk hafi skilað sér út.
5. Ef allir nemendur eru mættir er græna hliðin látin snúa fram á spjaldinu annars sú appelsínugula.
6. Skólastjóri/aðstoðarskólastjóri munu ganga á milli og athuga hvort allt sé í lagi í hverri röð.
7. Ef um falsboð er að ræða er mjög mikilvægt að kennari noti tækifærið og ræði við nemendur um mikilvægi brunavarna og fari yfir rýmingaráætlunina með þeim.